

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl.

1. gr.

2. málslíður 1. tölulíðar 9. gr. orðist svo:

Hafi vara sannanlega átt að koma til landsins undir innsigli erlends tollýfirvalds, farmflytjanda eða erlends seljanda hennar, t.d. í innsigliðum gámi, má taka tillit til vöntunar þrátt fyrir að fresturinn sé liðinn enda sé tollstjóra þegar tilkynnt skriflega um vöntunina og staðfest af farmflytjanda og innflytjanda að vöntun hafi fyrst komið í ljós er innsigli var rofið. Framvísa skal innsiglinu óski tollstjóri eftir því. Vöntun skal því aðeins tekin til greina að tilkynning berist tollstjóra innan viku frá því að innsigli er rofið hvort sem vöntun kemur í ljós í geymslu fyrir ótollafræiddar vörur eða í geymslu innflytjanda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 112. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. október 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

Nr. 561

21. október 1996

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Laufásveg milli Skálholtsstígs og Skothúsvegar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 7. nóvember 1996.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. október 1996.

Böðvar Bragason,

e.u.

Sturla Þórðarson.